

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Efling, kraftur, áræði – Ábyrgðin er okkar

Umdæmisstjórnarfundur 22. janúar 2011 Skýrsla tengiliðs við gagnagrunn KI

Aðkoma undirritaðs að embættinu var óvænt og enn lít ég svo á að hún sé tímabundið afleysingastarf. Enn eru erindi, sem félagar hafa við embættið, að miklu leyti send til forverans, sem sinnir þeim jafnan snarlega. Til dæmis má nefna tölvupóstsendingar umdæmisritara til allra félaga umdæmisins sem sendar hafa verið til okkar beggja til afgreiðslu en fráfarandi embættismaður hefur jafnan verið fyrri til að afgreiða.

Fyrsta verkefni mitt í embætti var aðstoð við umdæmisritara við gerð félagatals umdæmisins. Öll tæknileg undirbúningsvinna var langt á veg komin þegar ég kom að þessari vinnu. Minni háttar útlitsbreytinga var þó þörf auk þess sem enn átti eftir að koma uppfærðum upplýsingum um féлага umdæmisins inn í bókina. Þrátt fyrir að sú vinna hafi reynst drjúg verður að segjast að það hlýtur að vera til mikilla bóta að þær upplýsingar séu teknar úr miðlægum gagnagrunni.

Í ljósi þess hversu vinna við flutning upplýsinga úr gagnagrunni í "Hvítu bókina" reyndist mikil verður lagt í vinnu á þessu starfsári við að gera þennan flutning sjálfvirkan og þar með lausari við villuhættu. Þetta er að því gefnu að ekki standi til að breyta formi félagatals umdæmisins.

Á virkan hátt þarf að gera ritara og forseta klúbba ábyrga fyrir því að félagatal sé uppfært reglulega. Fræðsla á umdæmisþingi er nauðsynleg og ekki síður eftirfylgni í samráði við svæðisstjóra.

Á sama tíma þarf að tryggja að "nú tímalegar" kröfur verði ekki til þess að minna tölvutækir félagar telji sér ekki fært að taka að sér embætti ritara!

Konráð Konráðsson
Tengiliður við gagnagrunn KI